

Haraldur Birgir Haraldsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1 - 3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. ágúst 2013  
Tilvísun: UST20130600129/ksj


### Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis að Króki á Rangárvallaáfrétti í Rangárþingi ytra. Umsögn.


Vísað er til erindis skipulags – og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Króki á Rangárvallaáfrétti í Rangárþingi ytra. Rangárvallaáfréttur er innan þjóðlendu. Skipulagssvæðið er samtals 6 ha og er gangnamannaskáli og rústir gamalla skála á svæðinu.

#### Náttúruminjar

Gangnamannaskálinn í Króki er á svæði nr. 761 á náttúruminjaskrá, Emstrur og Fjallabak. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og er mikilvægt að sjónræn áhrif verði í lágmarki eins og fram kemur í umhverfismati deiliskipulagsins. Mikilvægt er að form og litir nýrra þjónustubygginga verði valin þannig að framkvæmdir falli sem best að umhverfinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gert verði ráð fyrir því við upphaf framkvæmda að þær verði sem mest afturkræfar. Einnig er afar mikilvægt að mati stofnunarinnar að forðast verði allt óþarfa rask meðan á framkvæmdum stendur.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun